

Sp.

450. Nefndarálit

um till. til þál. um öryggi umferðar yfir Ölfusárbrúna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og borið hana undir vegamálastjóra. Hann hefur sent nefndinni álit sitt um tillöguna, og fylgir það hér með sem fylgiskjal. Af því er ljóst, að vegamálastjóri hefur þegar gert ráðstafanir til að framkvæma efni tillögunnar, og fyrir því leggur nefndin til, að háttvirt Alþingi samþykki svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Þar sem þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að framkvæma efni tillögunnar og í trausti þess, að þeirri rannsókn verði hraðað og ríkisstjórnin láti þegar styrkja brúna, ef rannsóknin leiðir í ljós, að burðarmagn brúarinnar þoli ekki umferð þungra hlassa eða bilfarma, er vega allt að 9½ tonni, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. okt. 1944.

Gísli Jónsson,
form.

Steingr. Aðalsteinsson,
fundaskr.

Páll Zóphóniasson,
frsm.

Sigurður Þórðarson.

Ingólfur Jónsson,
Ásg. Ásgeirsson.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 13. október 1944.

Út af framkominni þingsályktunartillögu á þskj. 386 um öryggi umferðar yfir Ölfusárbrúna vil ég taka fram eftirfarandi.

Þótt sumir burðarliðir brúarinnar séu nú styrkari en áður, þótti ekki öruggt að leyfa umferð þyngri bifreiða en 6 smálesta. Er það gert á grundvelli þeirra athugana, sem gerðar hafa verið um styrkleik brúarinnar í því ástandi, sem hún er nú, og þó jafnframt tekið nokkurt tillit til, hve brúin er gömul, og geta því verið í henni leyndar veilur, sem rýra burðarþol hennar.

Enn er ekki að öllu leyti lokið ákveðinni aðgerð á brúnni, og veldur því smiða-verkfallið.

Okkur verkfræðingunum er það ljóst, að það er mjög bagalegt að takmarka þannig hlaspunga bifreiða. Að visu eru mjög fáar bifreiðar, sem samkvæmt skrásetningavottorði mega veða meira. Hins vegar er það vitanlegt og hefur verið óátalið, að menn ofhlaði bifreiðar sínar, þótt það vitanlega valdi mjög auknu sliti á hjólbörðum.

Þar sem vitanlega er nauðsynlegt að auka öryggi brúarinnar eftir því, sem frekast er fært, og jafnframt, ef mögulegt telst, að leyfa um hana þyngri bifreiðar en 6 smálesta, helzt upp í 8½ smálest, þá hafa þeir verkfræðingarnir Árne Pálsson, Benedikt Gröndal og Árne Snævarr samkvæmt beiðni minni haft með höndum að rannsaka enn ýtarlegar burðarþol brúarinnar og gera tillögur um, hvort og þá á hvern hátt væri mögulegt að styrkja hana svo, að öruggt teldist að leyfa um hana þyngri bifreiðar en nú. Munu þeir hraða útreikningum og athugunum, og vænti ég því, að álit þeirra og tillögur liggi fyrir mjög bráðlega.

Virðist því ekki, að minnsta kosti á þessu stigi málsins, þörf að skipa aðra 3 sérfróða menn til slíkrar rannsóknar.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að þegar hefur verið hafinn undirbúningur að því að styrkja festar Þjórsárbrúar með aukavírum, og taka þeir sömu verkfræðingar einnig til athugunar á sama hátt burðarþol þeirrar brúar.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.